

190. fundur Skóla- og frístundaráð, haldinn í Lindinni Dalbraut 4, þriðjudaginn 19. apríl 2022 og hófst hann kl. 16:00.

Fundinn sátu:

Bára Daðadóttir formaður, Sandra Margrét Sigurjónsdóttir varaformaður, Ragnar B. Sæmundsson aðalmaður, Jónína Erna Arnardóttir skólastjóri tónlistarskóla, Þórður Guðjónsson, Valgerður Janusdóttir sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs og Dagný Hauksdóttir verkefnastjóri.

Fundargerð ritaði: Valgerður Janusdóttir, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs.

Fyrir tekið:

Þórður Guðjónsson varamaður situr fundinn undir liðum 1 til og með lið 4. Jónína Erna Arnardóttir tekur sæti á fundinum.

1. 2109146 - Tónlistarskóli - starfsemi

Skólastjóri Tónlistarskólans fer yfir núverandi starfsár skólans og komandi starfsár.

Skóla- og frístundaráð þakkar Jónínu Ernu skólastjóra Tónlistarskóla Akraness fyrir umfjöllun um skólastarf í skólanum og fagnar kröftugu starfi skólans.

Jónína Erna yfirgefur fundinn.

Guðmunda Ólafsdóttir tekur sæti á fundinum.

2. 2202055 - Íþróttastefna

Umræða um mótun íþróttastefnu fyrir ÍA og Akraneskaupstað.

Skóla- og frístundaráð fagnar undirbúningi vinnu við mótun íþróttastefnu í samstarfi við ÍA. Stefnt er að því að hefja þá vinnu formlega á næstu vikum.

3. 2109145 - ÍA-samstarf ÍA og Akraneskaupstaðar

Framkvæmdastjóri ÍA kynnir reglur bandalagsins um úthlutun styrkja samkvæmt þjónustusamningi milli Akraneskaupstaðar og ÍA.

Skóla- og frístundaráð fagnar því góða samstarfi sem hefur verið milli Akraneskaupstaðar og ÍA sem stuðlar að áframhaldandi farsælu barna- og ungmennastarfi á vegum ÍA.

Guðmundar Ólafsdóttir yfirgefur fundinn.

Sandra M Sigurjónsdóttir tekur sæti á fundinum.

Hjálmur Dór Hjálmsón tekur sæti á fundinum.

4. 2002069 - Menntastefna- endurnýjun

Tillaga að menntastefnu Akraneskaupstaðar lögð fram til samþykktar.

Hjálmur Dór Hjálmsón, fyrir hönd KPMG, kynnir tillöguna ásamt sviðsstjóra og verkefnastjóra.

Skóla- og frístundaráð þakkar Hjálmi fyrir kynninguna. Skóla- og frístundaráð samþykkir tillögu að menntastefnu Akraneskaupstaðar. Ráðið fagnar þessum stóra áfanga og þakkar þeim fjölmörgu sem komu að mótun menntastefnunnar.

Hjálmur Dór yfirgefur fundinn.
Þórður yfirgefur fundinn.

Sigríður Snæbjörnsdóttir og Pétur Sævarsson dagforeldrar taka sæti á fundinum.

5. 2204005 - Dagforeldrar 2022 - 2023

Umræður um niðurgreiðslur til foreldra sem eiga börn sem eru í vistun hjá dagforeldrum.

Sigríður og Pétur yfirgefa fundinn.

6. 2203061 - Námsvist utan lögheimilissveitarfélags

Beiðni um skólavist utan lögheimilissveitarfélags

Málinu vísað til næsta fundar.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 18:45.